

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/2598****2025/EES/73/05****frá 4. október 2024**

um skrána yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og afurðir úr dýraríkinu sem eru ætluð til mannelis til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar beitingu bannsins við notkun á tilteknum sýkingalyfjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fæður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 127. gr.,

með hliðsjón af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/905 frá 27. febrúar 2023 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 að því er varðar beitingu bannsins við notkun á tilgreindum sýkingalyfjum fyrir dýr eða í afurðir úr dýraríkinu sem eru fluttar inn í Sambandið frá þriðju löndum ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna inna af hendi til að staðfesta að farið sé að tilskildum ákvæðum í löggjöf Sambandsins á tilteknum sviðum. Einkum er í 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 kveðið á um að sú reglugerð skuli gilda um opinbert eftirlit vegna sannprófunar á fylgni við ákvæði 1. mgr. 118. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 ⁽³⁾. Í reglugerð (ESB) 2017/625 er einnig kveðið á um að framkvæmdastjórnin geti krafist þess að sendingar af tilteknum dýrum og vörum skuli einungis koma inn í Sambandið frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem er að finna í skrá sem framkvæmdastjórnin tekur saman í þeim tilgangi.
- 2) Í 1. mgr. 118. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 er þess krafist, að því er varðar dýr eða afurðir úr dýraríkinu sem eru fluttar út frá þriðju löndum til Sambandsins, að ekki skuli nota eftirfarandi lyf: i. sýkingalyf í þeim tilgangi að stuðla að auknum vexti eða til að auka afrakstur og ii. sýkingalyf sem innihalda lyf sem er tilgreint í skránni yfir sýkingalyf sem eru frátekin til meðhöndlunar á tilteknum sýkingum í mönnum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1255 ⁽⁴⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/2598, 7.10.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 187/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2017/625/oj>.

(2) Stjtið. ESB L 116, 4.5.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2023/905/oj.

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 frá 11. desember 2018 um dýrallyf og um niðurfellingu á tilskipun 2001/82/EB (Stjtið. ESB L 4, 7.1.2019, bls. 43, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2019/6/oj>).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1255 frá 19. júlí 2022 um að tilgreina sýkingalyf eða flokka sýkingalyfja sem eru frátekin til meðhöndlunar á tilteknum sýkingum í mönnum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 (Stjtið. ESB L 191, 20.7.2022, bls. 58, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/1255/oj).

- 3) Framseld reglugerð (ESB) 2023/905 bætir við reglugerð (ESB) 2019/6 að því er varðar m.a. skilyrðin fyrir komu sendinga af tilteknum dýrum og afurðum úr dýraríkinu sem eru ætluð til manneldis inn í Sambandið frá þriðju löndum eða svæðum þeirra til að tryggja að þær séu í samræmi við bannið við notkun sýkingalyfja til að stuðla að auknum vexti og til að auka afrakstur og sýkingalyfja sem eru frátekin til meðhöndlunar á tilteknum sýkingum í mönnum. Meðal þeirra skilyrða eru að viðkomandi sendingar af dýrum og afurðum úr dýraríkinu megi einungis koma inn í Sambandið ef þær eru upprunnar í þriðju landi eða á svæði þess sem er að finna í skrá sem framkvæmdastjórnin tekur saman í þeim tilgangi.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 5 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/905 ætti þessi skrá einungis að taka til þriðju landa eða svæða þeirra sem hafa lagt fram viðeigandi sannanir og ábyrgðir fyrir því að viðkomandi dýr og afurðir úr dýraríkinu séu í samræmi við bannið við notkun sýkingalyfja til að stuðla að auknum vexti og til að auka afrakstur og sýkingalyfja sem eru frátekin til meðhöndlunar á tilteknum sýkingum í mönnum, þ.m.t. upplýsingar sem hafa borist um verklagsreglur sem eru fyrir hendi til að tryggja rekjanleika og uppruna.
- 5) Því ætti að færa þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa lagt fram sannanirnar og ábyrgðirnar sem um getur í 2. mgr. 5 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/905 á skrána yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn dýr og afurðir úr dýraríkinu sem eru ætluð til manneldis til Sambandsins.
- 6) Skilyrðin fyrir komu sendinga af dýrum eða afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2023/905, gilda frá og með 24 mánuðum eftir þann dag þegar framkvæmdargerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/399 ⁽⁵⁾ kemur til framkvæmda. Því ætti þessi reglugerð einnig að gilda frá 3. september 2026.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er komið á fót skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra, sem um getur í a-lið 1. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/905, sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af tilteknum dýrum og afurðum úr dýraríkinu sem eru ætluð til manneldis til Sambandsins að því er varðar beitingu bannsins við notkun á tilteknum sýkingalyfjum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 118. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6.

2. gr.

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af tilteknum dýrum og afurðum úr dýraríkinu sem eru ætluð til manneldis til Sambandsins

1. Þriðju lönd eða svæði þeirra þar sem kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/905, að því er varðar dýr og afurðir úr dýraríkinu sem eru ætluð til útflutnings til Sambandsins, eru uppfylltar eru merkt með „X“ fyrir viðkomandi tegundir eða vörur í viðaukanum við þessa reglugerð.

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/399 frá 29. janúar 2024 um breytingu á III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235 og II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/403 að því er varðar fyrirmyndir að vottorðum vegna komu sendinga af tilteknum afurðum úr dýraríkinu og tilteknum flokkum dýra inn í Sambandið (Stjtið. ESB L, 2024/399, 12.2.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/399/oj).

2. Þriðju lönd eða svæði þeirra þar sem ætlunin er, að því er varðar framleiðslu á afurðum sem eru ætlaðar til útflutnings til Sambandsins, að vinna einungis dýr eða afurðir úr dýraríkinu sem eru upprunnin annaðhvort í aðildarríkjum eða í öðrum þriðju löndum sem eru skráð í viðaukanum í samræmi við 1 mgr. þessarar greinar, eru merkt með „Δ“ fyrir viðkomandi tegundir eða vörur í viðaukanum.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. september 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. október 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af tilteknum dýrum og afurðum úr dýraríkinu sem eru ætluð til mannelis til Sambandsins að því er varðar beitingu bannsins við notkun á tilteknum sýkingalýfjum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 118. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6:

		Dýr og afurðir úr dýraríkinu sem eru ætluð til mannelis (*)											
ISO-kóði lands	Þriðja land (*) eða svæði þess	Nautgripir	Sauðfél/geitur	Svín	Hestar	Alifuglar	Lagareldi ⁽¹⁴⁾	Mjólk	Egg	Kanínur	Alin veiðidýr	Hunang	Garnir
AD	Andorra	X	X	Δ	X							X	
AL	Albanía		X				X ⁽¹¹⁾		X				X
AR	Argentína	X	X		X	X	X ⁽¹¹⁾	X	X	X	X	X	X
AU	Ástralía	X	X		X		X M	X	X		X	X	X
AZE	Aserbaísjan						X ⁽¹³⁾						
BA	Bosnía og Hersegóvína	X	X	X		X	X ⁽¹¹⁾	X	X			X	
BD	Bangladess						X						
BR	Brasilía	X			X	X	X					X	X
BW	Botsvana	X											
BY	Belarús (Hvíta-Rússland)				X ⁽⁵⁾		X ⁽¹¹⁾	X	X			X	X
CA	Kanada	X	X	X	X	X	X M	X	X	X	X	X	
CH	Swiss	X	X	X	X	X	X ⁽¹¹⁾ M	X	X	X	X	X	X
CL	Chile (Síle)	X	X ⁽³⁾	X		X	X ⁽¹¹⁾ M	X				X	X
CM	Kamerún											X	
CN	Kína					X	X		X	X		X	X
CO	Kólumbía						X						
CR	Costa Rica						X						
CU	Kúba						X ⁽¹²⁾					X	

		Dýr og afurðir úr dýrarkinu sem eru ætluð til mannelis (*)											
ISO-kóði lands	Þriðja land ⁽¹⁾ eða svæði þess	Nautgripir	Sauðfé/geitur	Svín	Hestar	Alifuglar	Lagareldi ⁽¹⁴⁾	Mjólk	Egg	Kanínur	Alin veiðidýr	Hunang	Garnir
DO	Dóminíska lýðveldið											X	
EC	Ekvador						X						
EG	Egyptaland												
ET	Eþíópía											X	X
FK	Falklandseyjar	X	X ⁽³⁾				X ⁽¹¹⁾						
FO	Færeyjar						X ⁽¹¹⁾						
GB	Breska konungsríkið ⁽⁴⁾	X	X	X	X	X	X ⁽¹¹⁾ Δ M	X	X	Δ	X	X	X
GE	Georgía											X	
GL	Grænland		X ⁽³⁾								X		
GT	Gvatemala						X ⁽¹²⁾					X	
HK	Hong Kong						Δ		Δ				
HN	Hondúras						X						
IL	Ísrael ⁽²⁾					X	X ⁽¹¹⁾	X				X	
IM	Mön	X	X ⁽³⁾	X			X ⁽¹¹⁾ M	X				X	
JE	Jersey	X						X					
JP	Japan	X		Δ		X	X ⁽¹¹⁾ M	X	X			Δ	X
KR	Suður-Kórea					X	X M					Δ	
LB	Líbanon											X	X
MA	Marokkó					X	X ⁽¹¹⁾ Δ M					X	X
MD	Moldóva					X	X ⁽¹¹⁾	X	X			X	

[illegible]

Dýr og afurðir úr dýrarkinu sem eru ætluð til manneldis (*)													
ISO-kóði lands	Þriðja land ⁽¹⁾ eða svæði þess	Nautgripir	Sauðfél/geitur	Svín	Hestar	Alifuglar	Lagareldi ⁽¹⁴⁾	Mjólk	Egg	Kanínur	Alin veiðidýr	Hunang	Garnir
TG	Tógó											X	
TH	Taíland					X	X M	Δ	Δ			X	
TR	Tyrkland					X	X ⁽¹¹⁾ M	X	X			X	X
TW	Taívan						X		X			X	
UA	Úkraína	X		X		X	X ⁽¹¹⁾ M	X	X	X		X	X
US	Bandaríkin	X	X ⁽⁸⁾	X		X	X M	X	X	X	X	X	X
UY	Úrúgvæ	X	X		X			X				X	X
VE	Venesúela						X ⁽¹²⁾						
VN	Víetnam						X M					X	
XK	Kósovó ⁽⁹⁾					Δ							
ZA	Suður-Afríka						M				X ⁽¹⁰⁾		
ZM	Zambia											X	

(*) Villt dýr, afurðir úr þeim og samsettar afurðir eru undanskilin þessari töflu þar eð þessar vörur falla utan gildissviðs framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/905 frá 27. febrúar 2023 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 að því er varðar beitingu bannins við notkun á tilgreindum sýkingalyfjum fyrir dýr eða í afurðir úr dýrarkinu sem eru fluttar inn í Sambandið frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 116, 4.5.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2023/905/oj).

(1) Skrá yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði (hún takmarkast ekki við þriðju lönd sem Sambandið hefur viðurkennt).

(2) Skilst hédan í frá sem Ísraelsríki, að undanskildum þeim yfirráðasvæðum sem hafa verið undir stjóm Ísraelsríkis eftir 5. júní 1967, þ.e. Gólanhæðir, Gasasvæðið, Austur-Jerúsalem og allur Vesturbakkinn.

(3) Einungis sauðfé.

(4) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjamorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. Windsor-samningsins (sjá sameiginlega yfirlýsingu Sambandsins og Breska konungsríkisins nr. 1/2023 í sameiginlegu nefndinni sem komið var á fót með samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjamorkubandalagi Evrópu (Stjtið. ESB L 102, 17.4.2023, bls. 87)), í tengslum við 2. viðauka við þennan samning, innihalda vísanir til Breska konungsríkisins, að því er varðar þennan viðauka, ekki Norður-Írland.

(5) Útflutningur til Sambandsins á lifandi dýrum af hestaaett sem eru ætluð til slátrunar (einungis dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis).

(6) Einungis hreindýr.

(7) Einungis fyrir sendingar af nýju kjöti, sem er upprunnið á Nýja-Sjálandi, sem á að fara til Sambandsins og er affermt, með eða án geymslu, í Singapur og endurfermt í samþykktri starfsstöð í umflutningi um Singapur.

(8) Einungis geitur.

⁽⁹⁾ Þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósovó og er í samræmi við ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244/1999 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisfyrirlýsingu Kósovó.

⁽¹⁰⁾ Einungis strúfuglar.

⁽¹¹⁾ Einungis fiskar og fiskafurðir.

⁽¹²⁾ Einungis krabbadýr.

⁽¹³⁾ Einungis fiskafurðir (t.d. hrogn og kaviar).

⁽¹⁴⁾ Lagareldi nær yfir fiska, þ.m.t. ál, og afurðir úr fiskum (eins og hrogn og kaviar) og krabbadýr. Þriðju lönd eða svæði þeirra sem eru skráð varðandi lifandi, kældar, frýstar eða unnar samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsmigla í VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til mannelids, til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Sjútíð. ESB L 114, 31.3.2021, bls. 118. ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/405/oj) eru merkt með „M“ í þessum dálki. Þriðju lönd með athugasemdina „einungis villtur afli“ í VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 eru ekki merkt með „M“ í þessum dálki þar eð þessar vörur falla utan gildissviðs framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/905.